

Nr. 113/ 15 Kleifaberg RE 70**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 1360 IMO 7329297
Smíðaður: Pólland 1974, stál
Stærð: 1190,6 brt
Mesta lengd: 69,57 m Skráð lengd: 62,3 m
Breidd: 11,3 m Dýpt: 7,3 m
Vél: Sulser 2208 kw árg. 1973
Fjöldi skipverja: 26

Gögn:

Gögn RNSA
Lögregluskýsla



Kleifaberg©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. október 2015 var Kleifaberg RE 70 að koma til hafnar í Reykjavík. Veður: Hægviðri.

Skipverjar voru í landfestum þegar einn þeirra steig ofan í akkerisklussið með þeim afleiðingum að hann féll og lenti með vinstri hendina undir sér. Við þetta brotnaði bein í öxlinni og hann fór úr axlalið.

Við rannsókn kom fram:

- að vinnuljós voru ekki kveikt og því myrkur á bakkanum;
- að ekki var hálka á bakkanum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en átelur að ekki skuli hafa verið vinnuljós þegar skipverjar voru að vinna í landfestum.